

# Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F1 2026



# Traustur rekstur og sterk staða á fyrsta ársfjórðungi

- **Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á fyrsta ársfjórðungi nam 11 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri 11 milljörðum.**
- **Fjárhagsstaða fyrirtækisins er áfram sterk, eiginfjárlutfall er 65% og skuldsetning er 1,7× rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.**
- **Tekjur af raforkusölu hækkuðu um 10% milli ára, en hækkunina má rekja til herra raforkuverðs til stórnotenda vegna hækkunar álverðs.**

**Hörður Arnarson**  
Forstjóri



„Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á fyrsta fjórðungi ársins. Tekjur af raforkusölu jukust um 10% frá fyrra ári og rekstrartekjur námu 165 milljónum bandaríkjadala. Hagnaður af grunnrekstri nam 88 milljónum dala, eða um 11 milljörðum króna. Raforkuverð til stórnotenda hækkaði nokkuð á milli ára, einkum vegna hækkunar álverðs, sem studdi við tekjuvöxtinn.

Uppbygging Vaðölduvers gengur vel og helmingur vindmyllanna verður tekinn í rekstur síðar á þessu ári. Framkvæmdir við Hvammsvirkjun ganga einnig vel og gert er ráð fyrir að þær verði komnar á fulla ferð í lok ársins.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar er áfram sterk. Nettó skuldir lækkuðu úr 677 milljónum um áramót í 659 milljónir dala í lok fyrsta fjórðungs, eiginfjárlutfallið er áfram sögulega hátt eða 65% og skuldsetning er 1,7-sinnum rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.

Þá bárust þau jákvæðu tíðindi að álver Norðuráls á Grundartanga kemst mun fyrr í fullan rekstur en áætlað hafði verið og að Landsvirkjun er tryggð fyrir því tekjutapi sem fyrirtækið hefur orðið fyrir vegna bilunarinnar í októbermánuði síðastliðnum.

Rekstur aflstöðva gekk vel á tímabilinu og vatnsbúskapur er með ágætum.“

# Lykiltölur

Samanburður við F1 2025

Selt magn

**3,5** TWst ↓ 0,8%

Rekstrartekjur

**165** m. USD ↑ 1,9%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

**88** m. USD ↓ 3,7%

Handbært fé frá rekstri


**86** m. USD ↓ 17,9%

Nettó skuldir

**659** m. USD ↑ 11,5%

Eiginfjárlutfall

**65,0%** ↓ 2,0 prst.




# Rekstur

Milljónir USD	F1 2026	F1 2025	%
Rekstrartekjur	165,5	162,4	1,9%
EBITDA	116,6	117,4	-0,7%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	87,8	91,1	-3,7%
Raforkusala (TWst)	3,5	3,5	-0,8%


Rekstrartekjur á fyrsta ársfjórðungi hækka um 2% frá sama tímabili árið áður. Hærra álverð skilar 10% hærri tekjum af raforkusölu, eða um USD 14m. Innleystar áhættuvarnir voru neikvæðar um USD 4m á tímabilinu.

Hagnaður af grunnrekstri (hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði) lækkar um 4% á milli ára, einkum vegna hærri rekstrarkostnaðar.

### Rekstrartekjur



### Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




# Efnahagur

Milljónir USD	31.3. 2026	31.12. 2025	%
Eignir samtals	3.616,8	3.583,8	0,9%
Skuldir samtals	1.267,6	1.272,8	-0,4%
Nettó skuldir	658,6	676,8	-2,7%
Eiginfjárlutfall	65,0%	64,5%	0,5 prst.

Nettó skuldir lækka um 3% frá áramótum og eiginfjárlutfall hækkar í 65%. Landsvirkjun stendur traustum fótum á því framkvæmdatímabili sem nú stendur yfir, með byggingu Vaðölduvers og Hvammsvirkjunar og stækkun Sigöldustöðvar.

## Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



# Sjóðstreymi

Milljónir USD	F1 2026	F1 2025	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	112,2	112,3	-0,1%
Handbært fé frá rekstri	85,5	104,1	-17,9%
Fjárfestingar	-69,7	-23,7	193,6%
Fjármögnun	-12,9	-72,9	-82,3%

Handbært fé frá rekstri nam 86 m. USD á fyrsta ársfjórðungi og lækkar um 18% á milli ára. Fjárfestingar á tímabilinu námu USD 70m, einkum vegna framkvæmda við Vaðölduver og Hvammsvirkjun og eru um þrefalt meiri en á sama tíma í fyrra. Afborganir lána námu USD 13m.

